



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Vatnsbúskapur Lagarfossvirkjunar
árin 1975-1991**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins

OS-93024/VOD-01

Nóvember 1993



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 742760

**Vatnsbúskapur Lagarfossvirkjunar
árin 1975-1991**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins

OS-93024/VOD-01

Nóvember 1993

ISBN 9979-827-21-1

LAGARFOSSVIRKJUN – vhm325

Helstu einkennisþættir

- **Rafstöð** tekin í notkun 1975.03.04

1 vél Kaplan, lóðréttur ás. Framleiðandi CKD Blansko, Tékkóslóvakíu
Ástimplað afl rafals 7,5 MW. Snúningshraði 214,3 sn/mín.
Mesta vatnsnotkun hverfils 51,9 m³/s. Nýtt fallhæð 15,1 - 18,6 m
Meðalorkuframléiðsla 1976-1992 53,76 GWh/ári

- **Vatnsfall:** Lagarfljót

Tegund vatnsfalls er dragá með jökulþætti, sem rennur úr stöðuvatni
Vatnasvið stöðvar 2800 km²

- **Vatnshæðarmælar**

vhm017 – álestur á kvarða hófst 1944.08.29, útgefið frá 1949.09.01
" – síriti frá 1955.10.23
" – 0-punktur staðarkerfis 16,10 m y.s. samkv. hæðakerfi OS
" – upphaflega rennslisstöð, en skoðast sem vatnsborðsstöð frá 1975.01.01
vhm325 – rafstöð með yfirfalli, 4 lokum og laxastiga

- **Meðalútrengsli** (fyrir virkjun rennsli við Lagarfljót, Lagarfoss – vhm017)

1950-1991	120 m ³ /s
1951-1960	128 "
1961-1970	111 "
1971-1980	117 "
1981-1990	112 "

Mesta dagsrennsli 802 m³/s 1968.11.14
Minnsta dagsrennsli 0,00 m³/s 1976.02.01

- **Meðal náttúrulegt innrennsli** (tillit tekið til miðlunar í Leginum og Steinsvaðsflóa)

1950-1991	120 m ³ /s
1951-1960	128 "
1961-1970	111 "
1971-1980	117 "
1981-1990	112 "

Mesta dagsrennsli 1430 m³/s 1968.11.13

- **Einstakir rafstöðvarþættir**

Framhjärengsli, fundið út frá vatnsborði við vhm017 og stöðu lokna
Notað vatn, fundið út frá raforkuframléiðslu
Vatnshæð inntakslóns, mæld við vhm017
Forði inntakslóns, fundinn út frá vatnshæð inntakslóns með forðalykli
Útrengsli = framhjärengsli + notað vatn
Innrennsli = útrengsli + aukning í forða inntakslóns

ABSTRACT

The report is a collection and presentation of data on the water budget of the hydro-power station Lagarfossvirkjun, Eastern Iceland, during the period 1975-1991. The State Electric Power Works as the owner of the power plant takes care of the water level gauge in the intake reservoir and is in charge of keeping records on water utilization, but the Hydrological Survey of Orkustofnun, National Energy Authority, is responsible for processing the data, storing it in a database and publishing it.

The report is in two parts. **Part A** is a general summary report describing the conditions at the power station, the history of water gauging as well as the factors pertaining to the acquisition and processing of relevant data. The report contains two appendices, the first with tables of stage-storage and stage-discharge relations, and the second with yearly power station discharge records with monthly and yearly values for stage, reservoir storage and the various discharge components. The discharge is given as an accumulated as well as an average value. Data on maximum and minimum inflow to the reservoir is also presented.

Part B starts with the same tables of data as in appendix 2 of part A, but primarily contains a collection of tables and graphs presenting daily values for each hydrological component together with monthly and yearly values.

Parts A and B include graphs of temperature and precipitation based on data from Iceland Meteorological Office.

The power station utilizes a 17 m head and has 7.5 MW installed capacity. The harnessed river, Lagarfljót, is a direct runoff river with a significant glacier component, passing through a voluminous lake, Lögurinn, some 25 km upstream of the power plant. This considerably regulates the discharge, before it reaches the station intake reservoir, Steinsvaðsflói.

All calculations of the hydrological components strictly belonging to this station (vhm325) are based on the records from the continuous gauging station, vhm017, in the intake reservoir, on the position of the gates on the control structure and on the production of the turbines. For calculations of the natural runoff, taking into account the natural storage of Lögurinn, water level records from the continuous gauging station there, vhm007, are also needed. The size of the drainage area is 2800 km².

The data processing is carried out on the computer of Orkustofnun with a suite of programs specially written for this purpose. Basically six hydrological components are computed, the first three derived from the primary data, but the other three are calculated from the first three provided that the stage-storage relation for the reservoir is available. A summary of station and hydrological characteristics is on the back side of the title page, and an English version of it is overleaf.

All hydrological data is available in digital form.

LAGARFOSSVIRKJUN Hydro Power Station – vhm325

Main station and hydrological characteristics

- **Power plant started operation on 1975.03.04**

1 Kaplan turbine, vertical axis. Producer CKD Blansko
Installed capacity of generator 7.5 MW. Rotation speed 214.3 rpm
Max. water use of turbine 51.9 m³/s. Utilized head 15.1 - 18.6 m
Mean energy production 1976-1992 53.76 GWh/year

- **Harnessed river: Lagarfljót**

Type of river is direct run off with glacier component, from a lake
Drainage area 2800 km²

- **Gauging stations**

vhm017 – Reading on staff gauge started 1944.08.29, published from 1949.09.01
" – Continuous gauging station since 1955.10.23
" – 0-point of local system at elevation 16.10 m a.s.l. in OS height system
" – Originally discharge gauging station, regarded as water level station since 1975.01.01
vhm325 – Power station with spillway, 4 gates, and fish ladder

- **Mean outflow (before 1975 natural discharge at Lagarfljót, Lagarfoss – vhm017)**

1950-1991	120 m ³ /s
1951-1960	128 "
1961-1970	111 "
1971-1980	117 "
1981-1990	112 "

Max. daily discharge 802 m³/s 1968.11.14
Min. " " 0.00 m³/s 1976.02.01

- **Mean natural inflow into reservoir (considering storage in lake Lögurinn and intake reservoir Steinsvaðsflói)**

1950-1991	120 m ³ /s
1951-1960	128 "
1961-1970	111 "
1971-1980	117 "
1981-1990	112 "

Max. daily discharge 1430 m³/s 1968.11.13

- **Hydrological components**

Excess flow, derived from water level at vhm017 and the position of gates
Utilized flow, derived from energy production
Water level at intake reservoir, gauged by vhm017
Intake reservoir storage, derived from water level in intake reservoir
Outflow = excess flow + utilized flow
Inflow = outflow + change in intake reservoir storage

EFNISYFIRLIT

LAGARFOSSVIRKJUN – vhm325	
Helstu einkennisþættir	2
ABSTRACT	3
LAGARFOSSVIRKJUN Hydro Power Station – vhm325	
Main station and hydrological characteristics	4
1. INNGANGUR	7
2. AÐSTÆÐUR VIÐ LAGARFOSSVIRKJUN	7
3. FERLI GAGNAVINNSLU	10
4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR	11
5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR	12
6. NIÐURSTÖÐUR	12
VIÐAUKI 1: Forða- og rennslislyklar Lagarfossvirkjunar	21
VIÐAUKI 2: Árstöflur með mánaðargildum einstakra rafstöðvarþátta	31

MYNDA SKRÁ

1.	Yfirlitskort af virkjunarsvæðinu	8
2.	Langsnið Lagarfljóts frá Lagarfljótsbrú niður fyrir Lagarfoss	9
3.	Ársmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrennslis 1976-1991	14
4.	Mánaðarmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrennslis 1976-1991	15
5a.	Ársmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1950-1971	16
5b.	Ársmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1972-1991	17
6a.	Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt mánaðarmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1950-1971	18
6b.	Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt mánaðarmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1972-1991	19

1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (OS-VM) og Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) fylgjast í sam-
einingu með vatnsbúskap rafstöðva. Starfsmenn Rafmagnsveitnanna annast vatnshæðarmæla
við rafstöðvarnar og færa skýrslur um vatnsnotkun. Síðan hafa Vatnamælingar Orkustofnunar
unnið úr gögnunum, varðveitt þau í gagnabanka og gefið út eftir atvikum í rafstöðvarskýrslum.
Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Lagarfossvirkjunar á árunum 1975-1991, en
virkjunin tók til starfa 4. mars 1975. Þetta er fyrsta skýrslan af þessu tagi um vatnsbúskap raf-
stöðva og um miðlanir.

Skýrslan skiptist í tvo hluta, sem nefndir eru *Hluti A* og *Hluti B*.

Hluti A er skýrsla á hinu venjulega formi skýrslna Orkustofnunar. Fremst er yfirlit yfir helstu
einkennisþætti virkjunarinnar. Síðan kemur ágríp á ensku ásamt enskri þýðingu á yfirlitinu.
Þar á eftir kemur meginhluti skýrslunnar, þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum við virkjunina,
mælingum, ferli gagnavinnslu, fjallað um niðurstöður og bent á nokkur atriði, sem hafa þarf í
huga til að tryggja, að gögn verði sem nákvæmust í framtíðinni. Þá eru niðurstöður einstakra
mæliþátta settar fram á myndrænu formi yfir allt tímabilið. Í viðauka 1 eru birtir þeir forða-
og rennislislyklar, sem í gildi eru, og í viðauka 2 töflur með mánaðargildum einstakra mæli-
þátta fyrir hvert ár fyrir sig.

Hluti B er á lausblaðaformi. Meginhluti hans er töflur með dagsgildum allra rafstöðvarþát-
anna sex og línurit byggð á þeim sömu dagsgildum, en þar eru einnig birtar töflurnar úr A-
hlutanum með mánaðargildum einstakra mæliþátta. Þessi hluti skýrslunnar er gefinn út í
mjög litlu upplagi og er einungis ætlaður þeim, sem þurfa að skoða gögnin nánar en unnt er í
A-hlutanum. Gert er ráð fyrir því, að flestum lesendum nægi A-hlutinn.

Bæði í A- og B-hluta koma fyrir línurit yfir veðurþætti. Er þar byggt á gögnum frá Veðurstofu
Íslands.


Skýrslan er tekin saman af Ásgeiri Sigurðssyni, Sigfinni Snorrassyni og Svani Pálssyni. Árni
Snorrason, Kristinn Einarsson og Páll Ingólfsson gáfu fjölmargar ábendingar. Áður höfðu
ýmsir starfsmenn Vatnamælinga lagt hönd á plóginn við vinnslu og innslátt frumgagna.

2. AÐSTÆÐUR VIÐ LAGARFOSSVIRKJUN


Lagarfossvirkjun tók til starfa 4. mars 1975. Staðsetning virkjunarinnar og vatnshæðarmæl-
anna þriggja, sem tengjast virkjuninni, sést á mynd 1. Virkjunin nýtir sér um 17 m fall Lagar-
fljóts í Lagarfossi sbr mynd 2, sem er gerð með hliðsjón af teikningu Steingríms Pálssonar frá
29. apríl 1954 (Raforkumálastjóri Fnr. 2434) og sniðteikningu af inntaki og stöðvarhúsi virk-
junarinnar frá Rafmagnsveitum ríkisins. Vatnasvið Lagarfossvirkjunar er um 2800 ferkílómetr-
ar. Lagarfljót er skilgreint sem dragá (D) með umtalsverðum jökulþætti (J) og rennur það úr
stöðuvatni (S).

Aðal vatnshæðarmælir Lagarfossvirkjunar er síritandi vatnshæðarmælir, vhm017, sem mælir
vatnshæð í Steinsvaðsflóa (eiginlega Vífilsstaðaflóa og Steinsvaðsflóa), inntakslóni virkjunar-
innar. Vatnsforði virkjunarinnar er reiknaður sem forði í inntakslóninu. Vatnshæðir þessa
mælis eru einnig notaðar til að reikna framhjárennsli, þegar einhverjar lokur virkjunarinnar
eru opnar. Hinn síritandi mælirinn, sem tengist Lagarfossvirkjun, er vhm007, en hann mælir
vatnsborð við brúna við Lagarfell og þar með vatnsforða í Leginum. Gögn frá þessum mæli
eru notuð til að meta náttúrulegt afrennsli af vatnasviði Lagarfljóts ofan virkjunarinnar. Þriðji
vatnshæðarmælirinn, vhm325, er virkjunin sjálf, sem innifelur fyrrnefndan vhm017 auk notaðs
vatns.

Lögurinn jafnar rennsli Lagarfljóts verulega og litið er á hann sem *miðlun*, og er áformað að
gefa út um hann sérstaka skýrslu hliðstæða við þessa.



Mynd 1. Yfirlitskort af virkjunarsvæðinu.



Mynd 2. Langsnið Lagarfljóts frá Lagarfljótsbrú niður fyrir Lagarfoss.

Við fyrri útgáfu rafstöðvargagna var forði Lagarins og Steinsvaðsflóa sameiginlega reiknaður sem heildarforði og heildarforðabreytingin ásamt útrennsli frá Lagarfossvirkjun gaf "náttúrulegt" rennsli af vatnasviði virkjunarinnar, sem þá var kallað innrennsli. Nú er hins vegar fylgt þeirri stefnu, að hverri rafstöð tilheyri aðeins eitt inntakslón og skilgreinist innrennsli sem innrennslið til þess. Með því að setja útrennsli við vhm007 jafnt innrennsli við vhm017 verður reiknað innrennsli við vhm 007 sambærilegt við "gamla" náttúrulega innrennslið við vhm017, sem er breytt í afrennsli af vatnasviði Lagarfljóts ofan virkjunarinnar.

Með þessu móti hefur verið tekið tillit til áhrifa Lagarins, en einnig hefur allt viðbótarvatn milli mæla vhm007 og vhm017 og forðabreytingar í inntakslóni virkjunarinnar verið tekið með. Þessa aðferð verður að nota því rennsli er ekki mælt út úr Leginum. Þetta er talin vatnafræðilega marktækari tala en afrennslið án áhrifa Lagarins, eins og birt er í töflunum með mánaðargildunum.

Númerakerfi Vatnamælinga hefur verið breytt frá fyrri útgáfu og er Lagarfossvirkjun hér skráð sem vhm325 í stað vhm017 áður. Ástæðan fyrir breytingunni er sú nýja stefna að breyta númeri mælistöðvar, ef hún er flutt eða ef eðlisbreyting verður á þeim mælipætti (rennsli, vatnsborði, rafstöðvarþætti), sem hún mælir. Áður var tilhneiging til að láta sama númer haldast svo lengi sem mælistöð var á svipuðum slóðum við sama vatnsfall, jafnvel þótt hún eftir tilfærslu mældi ekki nákvæmlega sama vatn eða ekki sama mælipátt og áður. Nýtt númer er þó ekki tekið upp við minni háttar tilfærslu á mælistöð, ef nákvæmlega sami hlutur er mældur fyrir og eftir færslu. Mælistöðin vhm017 var rennslismælistöð fram að virkjun, en sambærilegt rennsli eftir virkjun er útrennslið hjá rafstöð vhm325. Vatnshæðir í Steinsvaðsflóa eru hins vegar enn frumskráðar á vatnsborðsmæli vhm017 í gagnabanka Vatnamælinga.

0-punktur staðarkerfis vhm017 er 16,10 m y.s. í hæðakerfi Orkustofnunar. Vatnshæðirnar í töflunum í þessari skýrslu eru í m y.s.

Vatnshæðum í inntakslóninu er nú stjórnað með hjálp fjögurra lokna. Lokurnar eru allar í sömu hæð og fyrir innan þær í lóninu er þröskuldur, sem hindrar rennsli til þeirra við lágrennsli. Fyrstu tvö árin var lokað með tréhlerum og einni járnloku á yfirfalli. Þá var oftast lokað að hausti og opnað aftur að vori, en járnlokann var stundum opnuð hæfilega, ef þurfa þótti.

Gerðir voru forðalyklar fyrir Löginn, sem byggjast á vatnshæðum úr mæli vhm007, og Steinsvaðsflóa byggjt á vatnshæðum úr vhm017.

Byrjað var að skrá vatnshæð ofan og neðan við Lagarfoss 29. ágúst 1944 með álestri af kvörðum. Rennslisskýrslur fyrir vhm017 eru til frá 1. september 1949. Síriti var gangsettur 23. október 1955. Kvarðaálestrarnir eru taldir fremur óáreiðanlegir og virðast gefa of mikið vatn. Einnig eru vetrarmælingar fyrstu áranna með síritanum taldar fremur ónákvæmar.

Tekin hefur verið saman tafla með meðaltölum tíu ára tímabila fyrir reiknað innrennsli til vhm017 frá 1951-1990. Þessar tölur eru taldar gefa náttúrulegt innrennsli til virkjunarinnar. Tölurnar eru fengnar með því að nota gögn frá vhm017 fyrir tíma virkjunarinnar og eftir, ásamt útrennsli virkjunarinnar að teknu tilliti til forðabreytinga í Leginum.

Árabil	Meðalrennsli m ³ /s
1951-1960	128
1961-1970	111
1971-1980	117
1981-1990	112

3. FERLI GAGNAVINNSLU

Gögnin frá Lagarfossvirkjun (vhm325) berast Vatnamælingum sem síritablöð úr mælum vhm007 og vhm017 og sem listi yfir notað vatn dag hvern. Einnig fylgja með upplýsingar um færslur á lokum. Úr þessum gögnum eru unnar upplýsingar um inn- og útrennsli í inntakslónið, Steinsvaðsflóa, notað vatnsmagn og hve mikið hefur runnið framhjá virkjuninni, ásamt upplýsingum um forða og breytingar á forða í inntakslóni. Til verksins eru notuð fjölmörg forrit, sem skrifuð hafa verið á Vatnamælingum, flest af Ásgeiri Sigurðssyni.

Ferli gagnavinnslnunnar er eftirfarandi:

Vatnsborð í lok hvers dags er hnitað inn fyrir bæði vhm007 og vhm017.

Vatnið, sem virkjunin notar, er fundið út frá raforkuframleiðslunni dag hvern. Til þess er notaður lykill, sem gerður var fyrir vélar virkjunarinnar. Vatnsmagnið er skráð af rafstöðvarmönnum og sent Vatnamælingum, sem áður segir og slegið þar inn í tölvu.

Framhjärennslu er stjórnað með lokunum fjórum. Um er að ræða þrens konar ástand:

1. Allar lokur lokaðar, en þá er ekkert framhjärennslu.
2. Allar lokur fullopnar, en þá er rennslið fundið eins og rennsli í venjulegri á. Meðalvatnshæð hvers dags er hnitúð inn og rennsli fundið með rennslislykli.
3. Þegar aðeins hluti loknanna er opin, þarf að grípa til sérstaks lykils, sem tekur tillit til fjölda opinna lokna og meðalvatnshæðar í vhm017 á meðan tiltekin opnun varir. Það verður því í gögnum frá virkjuninni að gera grein fyrir bæði fjölda opinna lokna og tímanum þegar hreyfingar eiga sér stað á lokunum. Á grundvelli þessara upplýsinga er fundin meðalvatnshæð hvern sólarhring eða þann fjölda klukkustunda úr sólarhring sem hver lokuopnun varir. Þetta er slegið inn í tölvu. Ef ástæða þykir til, er hægt að slá inn athugasemdir við ákveðin mæligildi tiltekna daga.

Að lokinni þessari hnitun og innslætti eru öll frumgögn komin inn í tölvu. Hér skal ekki farið mörgum orðum um sjálfa tölvuvinnsluna eða gagnageymsluna, enda þróun og byltingu undirorpin. Eftir að forritið raf325 hefur verið keyrt fyrir tiltekið ár, verða til á tölvunni sex skrár, sem hver um sig geymir eitt gildi fyrir hvern dag ársins ásamt athugasemd, þegar við á. Hver skrá er kennd við rafstöðvarþáttar númer, sem svo mætti kannski kalla, og árið. Númerin eru þriggja stafa númer rafstöðvarinnar með einum eða tveim stöfum fyrir framan, sem einkenna þáttinn á sama hátt hjá öllum rafstöðvum. Hér fær framhjärennslu númerið 2325, notaða vatnið 3325, vatnshæð í inntakslóni 4325, forði þess 5325, útrennsli 77325 og innrennsli 7325. Aðeins þrjú fyrstu þættirnir byggjast á frumgögnum, hina þrjú síðari má reikna út frá þeim, þegar forðalykill inntakslóns er til staðar og lónforði í árslok finnanlegur í forðaskrá fyrir árið á undan (vegna innrennslis 1. janúar). Hér er rætt um hluti, sem eiga við allar rafstöðvar og jafnan gildir:

útrennsli = framhjárennsli + notað vatn
innrennsli = útrennsli + aukning í forða inntakslóns

Þessir sex rafstöðvarþættir eru birtir hér sem töflur og gröf, en einnig eru þeir aðgengilegir sem tölvutæk gögn. Gögn fyrir ákveðinn þátt og árábil fara þá í textaskrá (ASCII) sem runa af dagsgildum, eitt gildi í línu, sem notandi getur fengið á disklingi eða yfir gagnanet.

4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR

Þegar Lagarfossvirkjun var tekin í notkun, var gerður forðalykill fyrir inntakslónið, með gildistíma frá 1. janúar 1975. Þessi lykill var síðan framlengdur niður í lægri vatnshæðir með gildistíma frá 1. janúar 1977. Sá forðalykill er enn í gildi, nema að hann hefur verið framlengdur niður í enn lægri vatnshæðir með forðann núll. Breytingin, sem varð á lyklinum við mjög lítið vatn, er sennilega vegna tilkomu lokna í október 1976. Ekki er vitað á hvaða grunni þessir lykklar voru gerðir, en þeir voru unnir á Vatnamælingum árið 1978.

Lykill fyrir vatnsnotkun vélanna miðað við mismunandi álag og vatnshæð var gerður hjá Rafmagnsveitum ríkisins, dagsettur 6. febrúar 1977. Þar var uppgefin nýtni vélanna, sem Skoda-verksmiðjurnar gáfu í samningi, lögð til grundvallar. Þessi lykill er notaður óbreyttur til að ákvarða notaða vatnið á grundvelli raforkuframleiðslunnar á degi hverjum.

Rennslislykill fyrir rennslið framhjá virkjuninni var gerður í upphafi reksturs hennar. Í upphafi rann framhjá á yfirfalli, en frá 26. nóvember 1976 hefur framhjárennslið verið um lokur. Lykillinn, sem gildi fyrir þann tíma, sem yfirfallið eitt var notað, og eldri rennsliskýrslur eru byggðar á, er ekki þekktur. Lykill fyrir framhjárennsli um lokur var gerður 1978. Þessi lykill er nú einnig fallinn úr gildi. Ekki er fyllilega ljóst á hvaða grunni þessir lykklar fyrir lokurnar voru unnir, en sennilega voru þeir gerðir eftir mynd frá Rafmagnsveitum ríkisins dagsettri 28. október 1976. Framhjárennslið, sem nú er í gagnabanka fyrir tímabilið frá og með 26. nóvember 1976, er samkvæmt nýjum lykli, sem Ásgeir Sigurðsson gerði 1989 í samráði við Sigurjón Helgason, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Er þar byggt á líkanprófunum á flóðgáttum (lokum) í Straumfræðistöð Orkustofnunar 1977 og fyrir lágrennsli einnig á gamla lyklinum, sem mun byggður á rennslismælingum vatnamælingamanna Orkustofnunar árið 1975. Áður en frumgögnin voru endurkeyrð með nýja lyklinum, var farið yfir þau og leiðrétt, þar sem við átti. Hins vegar verður að játa, að ekki er nógu ljóst, hvernig framhjárennsli fyrir tímabilið fram að 26. nóvember 1976 var fundið, og engin tók á að endurmeta það nú.

Framhjárennslið og þar með rennslitölur af því leiddar, sem birst hafa í eldri skýrslum, hafa yfirleitt reynst of háar miðað við rennslið samkvæmt áður nefndri endurskoðun. Nemur það um 2% af heildarútrennsli alls tímabilsins, en mun meiru einstök ár, að ekki sé talað um mánuði og daga.

Lokurnar eru fjórar og er sú næst stöðinni nr. 1. Það er misjafnt, hvaða loka er opnuð fyrst og einnig er ekki ætíð fylgt ákveðinni röð við lokun þeirra. Ekki er tekið tillit til þess í lyklinum, hvaða lokur eru opnar. Gengið er út frá því, að hver loka sé ætíð annaðhvort lokað eða fullopin. Laxastigi er við virkjunina og er ekki ætíð tekið fram, hvenær hann hefur verið opin. Til er rennslismæling á honum frá 1977, sem gefur $1,35 \text{ m}^3/\text{s}$, en ekki hefur verið gerður lykill fyrir rennsli um stigann. Í útreikningum á framhjárennsli er ekki tekið tillit til rennslis um hann.

Af framansögðu er ljóst, að nokkur óvissa er í þeim útreikningum, sem liggja að baki mati á framhjárennsli. Gildandi lykklar eru gefnir í viðauka 1.

Með hliðsjón af rennslismælingum í ágúst 1993 væri brýnt að gera rennslismælingar og nýjan lykil fyrir framhjárennsli, eins og fram kemur í næsta kafla, þar sem gerðar eru tillögur um úrbætur.

5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR

Helstu úrbætur, sem taka ætti til athugunar, eru þessar:

- Mæla vatnið, sem fer í gegnum vélarnar, við breytilegt álag og vatnshæð til þess að sannreyna kvörðunina á notaða vatninu.
- Mæla rennslið um lokurnar með mismunandi lokur opnar og við mismunandi vatnshæð og gera nýjan lykil fyrir framhjärennslíð. Athuga þarf áhrif af hreyfingum á mismunandi lokum við sömu vatnshæð. Hugsanlega þarf að opna og loka lokunum í ákveðinni röð, en þær eru ætíð fullopnaðar, þegar opnað er.
- Veita vatnshæðarmælinum venjubundið viðhald og tryggja sem best, að reksturinn gangi hnökralaust.
- Gera þarf rennslislykil fyrir laxastigann við mismunandi vatnshæðir í lóni, þó að rennsli um hann sé aðeins lítið brot af heildarrennsli Fljótsins.
- Athuga þarf, hvort vatni er hleypt í gegnum vélar virkjunarinnar án skráningar, þegar ís veldur rekstrarerfiðleikum. Ef svo er, þarf að áætla það rennsli.
- Þegar vinna við skýrslu þessa var langt komin, mældu Vatnamælingar dýpi og rennsli í Lagarfljóti með straumsjá, sem er nýtt tæki í eigu Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Mælingar 1993.08.08 neðan stöðvar gáfu um 15% meira rennsli en loku- og framleiðslulykill, og mælingar 1993.08.11 ofan stöðvar gáfu um 10% meira rennsli en lokulykillinn, en þá var ekkert rennsli um vélar. Venjulega mælast frávikin með straumsjánni á hinn veginn, lægri gildi mælast en með hefðbundinni aðferð. Af þessu má ráða, að mikilvægt er að gera fleiri mælingar og endurskoða lykilinn fyrir framhjärennslíð. Einnig verður endurskoðun á rennsli um vélar enn æskilegri af þessum sökum, en ósamræmið kynni að hluta til að stafa af vanmati á því.

6. NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslunni eru sett fram gögn árána 1975-1991 fyrir Lagarfossvirkjun, framhjärennslí, notað vatn, útrennsli, vatnshæð í lóni, lónforða og innrennsli í lónið. Þetta eru þeir þættir, sem almennt eru birtir í rafstöðvarskýrslum. Ársmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrennsli eru sýnd á mynd 3 fyrir tímabilið í heild. Á sama hátt eru mánaðarmeðaltöl gefin á mynd 4. Þessar langtímamyndir auðvelda samanburð milli ára. Af myndunum kemur fram, að vatnsnotkun var minnst fyrstu árin og framhjärennslí þá mest. Af mánaðarmeðaltölunum sést glögg, að vegna lítills forða inntakslónsins er framhjärennslíð mikið yfir sumarið og einnig eru haustflóð með talsverðu framhjärennslí einkennandi. Þess ber að geta, að útrennslið er úr inntakslóni virkjunarinnar, en vegna áhrifa miðlunarinnar í Leginum er það ekki vel fallið til þess að gefa upplýsingar um náttúrulegt vatnafar Lagarfljóts.

Hins vegar voru gerðar sambærilegar myndir til samanburðar á veðri og rennsli, með meðalhita og meðalúrkomu á Egilsstöðum ásamt náttúrulegu afrennsli af vatnasviði virkjunarinnar í mm / tímaeiningu (þ.e. sem úrkomujafngildi) fyrir þann tíma, sem áreiðanlegar mælingar hafa verið gerðar við Lagarfoss, eða frá ársbyrjun 1950. Tekið var tillit til miðlunar í Leginum, eins og lýst er í kafla 2. Forðalykill fyrir Löginn gildir að vísu aðeins til 1977, en hann var látinn gilda óbreyttur fyrir allt tímabilið frá 1950, til að hægt væri að reikna forðann. Það komu fyrir nokkur tímabil með vatnshæðum sem voru neðan lykilmarka og var lykillinn þá framlengdur með forðanum núll. Mynd 5a er af ársmeðaltölum 1950-1971 og mynd 5b af ársmeðaltölum 1972-1991. Myndir 6a og 6b eru af mánaðarmeðaltölum sömu ára. Veðurathuganir á Egilsstöðum ná aðeins aftur til nóvember 1954. Af myndunum kemur fram, að vatnsmestu

árin eru eftir 1950 og um 1960. Lélegasta vatnsárið er 1965. Hitastigið á sumrin virðist ráða mestu um vatnsbúskapinn, en þó má glögg sjá flóðtoppa á haustin vegna rigninga. Veður-gögnin eru fengin á tölvutæku formi frá Veðurstofu Íslands. Þar sem beinar athuganir vantaði í veðurathuganirnar frá Egilsstöðum, er fyllt upp í með umreiknuðum athugunum frá Eyvindará.

Í viðauka 2 í þessum A-hluta skýrslunnar eru töflur á tveim blöðum fyrir hvert ár. Þar eru fyrst og fremst mánaðar- og árgildi, bæði heildarrennsli í Gl (miljónum m^3) og meðalrennsli í m^3/s og hvað vatnshæð og forða varðar staðan í lok mánaðar, ennfremur notað vatn sem prósent af heildarútrennsli og mesta og minnsta innrennsli hvers mánaðar á föstu 5 daga tímabili (pentöðu), einnig mesta dagsrennsli mánaðarins. Í stuttum smáleturstextum í töflunum eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og lítillaga gerð grein fyrir því hvernig einstakir þættir eru fundnir. Þá eru þar m.a. langtímameðaltöl yfir útrennsli.

Þessar töflur eru einnig í hinum hluta skýrslunnar, B-hlutanum, sem er á lausblaðaformi. Að auki eru þar töflur með dagsgildum fyrir hvern rafstöðvarþátt ásamt mánaðar- og árgildum. Fyrir rennslisþættina eru bæði töflur með daglegu rennsli í Gl/d og heildarrennsli mánaða og árs í Gl og töflur með öll gildi í m^3/s . Stuttir smáleturstextar eru í töflunum. Þar eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og lauslega gerð grein fyrir, hvernig einstakir þættir eru fundnir. Einnig eru örfá sagnfræðileg atriði um mælistöðina. Þá eru þar langtíma meðaltöl, fyrir tímabilið frá upphafi stöðvarinnar og fyrir heila áratugi. Einnig eru tilgreindar mælingar á rennsli frá því fyrir virkjun og gefið meðalrennsli. Nauðsynlegustu athugasemdum, sem eiga sérstaklega við árið, sem um er að ræða, er komið að og þess getið, hver sér um gæslu vatnshæðarmælisins, þegar skýrslan er gefin út.


Í B-hlutanum er mynd fyrir hvert ár, sem sýnir alla rafstöðvarþættina nema vatnsborðið. Rennslið er gefið í Gl/d, en forðinn í Gl. Inn- og útrennsli er þá miðað við inntakslón virkjunarinnar. Einnig er mynd, sem sýnir veðurfar á Egilsstöðum og náttúrulegt afrennsli af vatnsviði virkjunarinnar í mm/d til samræmis við úrkomuna. Við Lagarfossvirkjun verður að taka tillit til forðabreytingar í Leginum við útreikninga á náttúrulegu afrennsli. Það er gert með því að bakreikna innrennsli til vhm007, eins og lýst er í kafla 2. Þriðja myndin í B-hlutanum er af framhjärennsli og notuðu vatni í m^3/s og sú fjórða gefur inn- og útrennsli í m^3/s .

Vatnshæðarmælingarnar á tímabilinu, sem skýrslan fjallar um, eru heillegar með aðeins örfáum stuttum hléum og er vatnshæð áætluð þau tímabil. Nokkrum sinnum er vatnshæð áætluð vegna áhrifa vinds. Hugsanlega þyrfti að athuga þetta á fleiri tímabilum, því að vindur virðist geta haft veruleg áhrif á vatnshæð við ákveðnar veðurfarsaðstæður. Gögn tímabilsins í heild teljast heilleg og áreiðanleg.


Nauðsynlegt er að vekja athygli á því, að mælingar með nýju tæki til rennslismælinga, straum-sjá, sem gerðar voru í ágúst 1993, gáfu 10-15% meira rennsli en fékkst með lykklum fyrir framhjärennsli og rennsli í gegnum vélar. Því er mjög mikilvægt að gera fleiri mælingar og endurskoða lykklana.

Þegar litið er á gögn frá virkjuninni fyrir allt tímabilið, kemur í ljós, að vatnsnotkunin fór vaxandi fyrstu tíu árin. Framhjärennsli er mikið öll árin, en sveiflukennt milli ára. Fyrstu tvö árin var það mjög mikið, sennilega vegna þess að lokurnar voru ekki komnar. Útrennslið var nokkuð sveiflukennt frá ári til árs, en það var í lágmarki árin 1977-1985 og voru það því fremur léleg vatnsár. Frá 1986 hafa verið góð vatnsár.


Þegar náttúrulegt afrennsli alls tímabilsins, sem mælingar við vhm017 ná yfir, er skoðað, kemur í ljós, að fyrstu árin með kvarðaálesturum gefa mjög mikið vatn. Talið er, að þessar mælingar séu vafasamar og þurfi endurskoðunar við, þannig að ekki ætti að nota eldri mælingar en frá 1956 til útreikninga. Mesta afrennslið er mælt árin 1961, 1959 og 1972, en minnst 1965 og 1964.




Mynd 3. Ársmeðaltöl framhjárnslis, notaðs vatns og útrennslis 1976-1991.




Mynd 4. Mánaðarmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrensli 1976-1991.



Mynd 5a. Ársmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1950-1971.



Mynd 5b. Ársmeðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1972-1991.



Mynd 6a. Mánaðarméðalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt mánaðarméðalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1950-1971.



Mynd 6b. Mánaðarmedalhiti og úrkoma á Egilsstöðum og náttúrulegt mánaðarmedalafrennsli í mm af vatnasviði virkjunarinnar 1972-1991.

VIÐAUKI 1

Forða- og rennslislyklar Lagarfossvirkjunar

OS Vatnamælingar		Forðalykill					vhm 325 lnr 1				
Lagarfljót; Lagarfossvirkjun (Steinsvaðs- og Víflsstaðafló)											
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)						Lykill tók gildi : 1975.01.01					
Lykill gerður:						Lykill féll úr gildi:					
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
1800											
1810											
1820											
1830	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1840	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1850	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1860	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1870	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1880	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1890	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1900	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1910	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	
1920	0,000	0,003	0,007	0,010	0,014	0,017	0,021	0,024	0,028	0,031	
1930	0,035	0,041	0,048	0,054	0,061	0,067	0,074	0,080	0,087	0,093	
1940	0,100	0,130	0,160	0,190	0,220	0,250	0,280	0,310	0,340	0,370	
1950	0,400	0,560	0,720	0,880	1,040	1,200	1,360	1,520	1,680	1,840	
1960	2,000	2,160	2,320	2,480	2,640	2,800	2,960	3,120	3,280	3,440	
1970	3,600	3,760	3,920	4,080	4,240	4,400	4,560	4,720	4,880	5,040	
1980	5,200	5,360	5,520	5,680	5,840	6,000	6,160	6,320	6,480	6,640	
1990	6,800	6,964	7,128	7,292	7,456	7,620	7,784	7,948	8,112	8,276	
2000	8,440	8,614	8,788	8,962	9,136	9,310	9,484	9,658	9,832	10,006	
2010	10,180	10,354	10,528	10,702	10,876	11,050	11,224	11,398	11,572	11,746	
2020	11,920	12,094	12,268	12,442	12,616	12,790	12,964	13,138	13,312	13,486	
2030	13,660	13,834	14,008	14,182	14,356	14,530	14,704	14,878	15,052	15,226	
2040	15,400	15,574	15,748	15,922	16,096	16,270	16,444	16,618	16,792	16,966	
2050	17,140	17,314	17,488	17,662	17,836	18,010	18,184	18,358	18,532	18,706	
2060	18,880	19,054	19,228	19,402	19,576	19,750	19,924	20,098	20,272	20,446	
2070	20,620	20,794	20,968	21,142	21,316	21,490	21,664	21,838	22,012	22,186	
2080	22,360	22,534	22,708	22,882	23,056	23,230	23,404	23,578	23,752	23,926	
2090	24,100	24,274	24,448	24,622	24,796	24,970	25,144	25,318	25,492	25,666	

A		B		C		D							
Rafali		MÉTUN SAMB.		LAGARFOSSVIRKJUN		T.							
MW	Nýtni	ÞASS.	ÞASS.	RARIK	ÞASS.	U.	S.						
Hns=15,6m	Hns=15,8m	Hns=16,0m	Hns=16,2m	Hns=16,4m	Hns=16,6m	Hns=17,0m	Hns=17,2m						
Hns=15,6m	Hns=15,8m	Hns=16,0m	Hns=16,2m	Hns=16,4m	Hns=16,6m	Hns=17,0m	Hns=17,2m						
Hns=17,4m	Hns=17,6m	Hns=17,8m	Hns=18,0m	Hns=18,2m	Hns=18,4m	Hns=18,6m	Hns=18,8m						
1,8	33,767	32,443	32,536	32,139	31,752	31,374	30,292	29,948	29,611	29,282	28,960	28,646	28,338
2,0	32,843	31,627	31,627	31,241	30,865	30,498	30,139	29,788	29,446	29,111	28,784	28,464	28,151
2,2	31,994	31,195	30,809	30,434	30,067	29,709	29,360	29,018	28,685	28,360	28,040	27,728	27,424
2,4	31,188	30,408	30,033	29,667	29,309	28,960	28,620	28,287	27,962	27,645	27,333	27,030	26,734
2,6	30,500	29,738	29,371	29,013	28,663	28,322	27,989	27,663	27,345	27,035	26,731	26,434	26,143
2,8	30,226	29,483	29,107	28,752	28,405	28,067	27,730	27,414	27,099	26,794	26,490	26,196	25,901
3,0	29,432	28,696	28,342	27,996	27,659	27,329	27,008	26,694	26,387	26,088	25,794	25,507	25,227
3,2	28,955	28,202	27,854	27,514	27,182	26,859	26,543	26,234	25,933	25,639	25,350	25,068	24,793
3,4	28,573	27,859	27,515	27,180	26,852	26,532	26,220	25,915	25,618	25,327	25,042	24,764	24,491
3,6	28,230	27,525	27,185	26,853	26,530	26,214	25,906	25,604	25,310	25,023	24,741	24,466	24,197
3,8	27,962	27,263	26,926	26,600	26,277	25,965	25,659	25,361	25,069	24,785	24,506	24,234	23,977
4,0	27,730	27,038	26,704	26,378	26,060	25,750	25,447	25,151	24,862	24,580	24,304	24,034	23,768
4,2	27,536	26,848	26,517	26,193	25,877	25,569	25,268	24,975	24,688	24,407	24,133	23,865	23,602
4,4	27,376	26,691	26,362	26,040	25,727	25,420	25,121	24,829	24,544	24,266	23,992	23,726	23,465
4,6	27,249	26,568	26,240	25,920	25,607	25,303	25,005	24,714	24,430	24,153	23,881	23,616	23,356
4,8	27,123	26,445	26,119	25,800	25,489	25,186	24,890	24,600	24,317	24,041	23,771	23,507	23,249
5,0	26,875	26,354	26,029	25,711	25,402	25,099	24,804	24,515	24,234	23,959	23,689	23,426	23,168
5,2	26,937	26,263	25,939	25,623	25,314	25,013	24,710	24,431	24,158	23,876	23,608	23,345	23,089
5,4	26,845	26,174	25,850	25,535	25,227	24,927	24,634	24,347	24,068	23,794	23,527	23,265	23,010
5,6	26,783	26,444	26,114	25,791	25,477	25,170	24,878	24,592	24,313	24,040	23,773	23,512	23,257
5,8	26,727	26,384	26,055	25,733	25,419	25,113	24,812	24,522	24,237	23,958	23,686	23,420	23,162
6,0	26,681	26,335	26,004	25,682	25,368	25,062	24,764	24,476	24,193	23,919	23,646	23,378	23,112
6,2	26,753	26,414	26,084	25,762	25,448	25,141	24,842	24,550	24,264	23,985	23,713	23,446	23,182
6,4	26,783	26,444	26,114	25,791	25,477	25,170	24,878	24,592	24,313	24,040	23,773	23,512	23,257
6,6	26,814	26,475	26,144	25,821	25,506	25,199	24,899	24,606	24,320	24,040	23,767	23,500	23,239
6,8	26,875	26,535	26,203	25,880	25,565	25,258	24,956	24,662	24,375	24,095	23,821	23,554	23,292
7,0	26,967	26,626	26,293	25,970	25,652	25,343	25,041	24,747	24,459	24,178	23,903	23,635	23,372
7,2	27,030	26,688	26,354	26,029	25,711	25,401	25,099	24,804	24,515	24,234	23,959	23,689	23,426
7,4	27,155	26,811	26,476	26,149	25,830	25,519	25,215	24,918	24,629	24,346	24,069	23,798	23,534
7,6	27,344	26,998	26,660	26,331	26,010	25,697	25,390	25,092	24,800	24,515	24,237	23,964	23,698
7,8	27,600	27,251	26,911	26,579	26,254	25,938	25,629	25,328	25,033	24,746	24,464	24,189	23,921
8,0	27,859	27,542	27,198	26,862	26,535	26,215	25,903	25,598	25,301	25,000	24,726	24,448	24,176
8,2	28,230	27,873	27,525	27,185	26,853	26,530	26,214	25,906	25,604	25,310	25,022	24,741	24,466
8,4	28,608	28,246	27,893	27,547	27,212	26,885	26,565	26,252	25,947	25,649	25,357	25,072	24,794
8,6	29,032	28,664	28,306	27,957	27,610	27,283	26,958	26,641	26,331	26,029	25,733	25,444	25,161

Forsendur:
 Lagðar eru til rúndvallar nýtnitölur sem Skoda gaf upp í samningi. Vatnsnotkun = $Q = \frac{75 \cdot kW}{736 \cdot \text{Hn} \cdot \gamma} = m^3/\text{sek.}$ (Afl er kW frá rafala)
 $m^3/kWh = \frac{60 \cdot 60 \cdot \rho}{kW \cdot \text{Hn} \cdot \gamma} = \frac{366,8478}{\text{Hn} \cdot \gamma}$

Nýtni var gefin upp af verksm., við Hn = 17,6m, sbr. teikn. nr. 3.2088.20
 Hvernig nota skal töluna til að finna vatnsnotkun sólarhringsins: Demi: Vinnslan var 91,2 MWh. Nettó fallhæð var 17,6 mþeyrt var 24 tíma.
 Alag rafala = $\frac{91,200}{24} = 3800 \text{ kW.}$ Við það afl og 17,6 m nettó fall notar vélin 24,785 m³/kWh og sé það margfaldað með 91,200, verður það = 2,26 GJ/sólh.

Vinnu 17

U. Y. S.
 Blað 2
 3.2093.20

Orkustofnun		vhm017			
Vatnamælingar		Gildir frá: 1976.11.26			
Flóðgáttir Lagarfossvirkjunar					
Rennsli í Gl/d					
sem fall af vatnshæð við vhm017 (staðarkerfi) og fjölda opinna lokna					
W cm	Opnar lokur				
	1	2	3	4	
250	0.000	0.000	0.000	0.000	
260	0.017	0.017	0.017	0.017	
270	0.052	0.052	0.052	0.052	
280	0.112	0.112	0.112	0.112	
290	0.259	0.259	0.259	0.259	
300	0.588	0.588	0.588	0.588	
310	1.210	1.210	1.210	1.210	
320	2.074	2.160	2.160	2.160	
330	2.851	3.283	3.283	3.283	
340	3.629	4.493	4.493	4.493	
350	4.406	5.789	5.875	5.875	
360	5.098	7.258	7.517	7.517	
370	5.702	8.813	9.331	9.331	
380	6.221	10.282	11.405	11.405	
390	6.739	11.664	13.651	13.824	
400	7.258	13.046	15.984	16.330	
410	7.776	14.429	18.317	19.008	
420	8.381	15.811	20.650	21.773	
430	8.986	17.194	22.896	24.710	
440	9.677	18.576	25.142	27.734	
450	10.368	19.786	27.302	30.758	
460	11.059	21.082	29.462	33.869	
470	11.750	22.464	31.622	36.979	
480	12.442	23.846	33.869	40.090	
490	13.133	25.229	36.202	43.114	
500	13.824	26.611	38.448	46.138	
510	14.602	27.994	40.781	49.162	
520	15.379	29.376	43.200	52.186	
530	16.157	30.758	45.619	55.210	
540	16.934	32.141	48.038	58.234	
550	17.712	33.523	50.458	61.258	

Rennsliylíkillinn er gerður af ÁS í samráði við Sigurjón Helgason VST í júlí 1989.

Fyrir neðan 320 cm er byggt á lykli eftir EE frá 1975.12.23

Fyrir 1 eða 2 lokur opnar á bilinu 320 - 350 cm er byggt á tillögum SH 1989.07.12

Annars er byggt á Umhverfisrannsóknir við Lagarfjót XI, Lagarfossvirkjun, Líkanprófanir flóðgátta, fylgibl. 8, 1977.


Orkustofnun Vatnamælingar		vhm017 Gildir frá: 1976.11.26			
Flóðgáttir Lagarfossvirkjunar					
Rennsli í m ³ /s					
sem fall af vatnshæð við vhm017 (staðarkerfi) og fjölda opinna lokna					
W cm	Opnar lokur				
	1	2	3	4	
250	0	0	0	0	
260	0.2	0.2	0.2	0.2	
270	0.6	0.6	0.6	0.6	
280	1.3	1.3	1.3	1.3	
290	3.0	3.0	3.0	3.0	
300	6.8	6.8	6.8	6.8	
310	14	14	14	14	
320	24	25	25	25	
330	33	38	38	38	
340	42	52	52	52	
350	51	67	68	68	
360	59	84	87	87	
370	66	102	108	108	
380	72	119	132	132	
390	78	135	158	160	
400	84	151	185	189	
410	90	167	212	220	
420	97	183	239	252	
430	104	199	265	286	
440	112	215	291	321	
450	120	229	316	356	
460	128	244	341	392	
470	136	260	366	428	
480	144	276	392	464	
490	152	292	419	499	
500	160	308	445	534	
510	169	324	472	569	
520	178	340	500	604	
530	187	356	528	639	
540	196	372	556	674	
550	205	388	584	709	

Rennslialykillinn er gerður af AS í samráði við Sigurjón Helgason VST í júlí 1989.

Fyrir neðan 320 cm er byggt á lykli eftir EE frá 1975.12.23

Fyrir 1 eða 2 lokur opnar á bilinu 320 - 350 cm er byggt á tülögum SH 1989.07.12

Annars er byggt á Umhverfisránsóknir við Lagarfjót XI, Lagarfossvirkjun, Líkanprófanir flóðgátta, fylgibl. 8, 1977.



Rennsli um lokur Lagarfossvirkjunar sem fall af vatnshæð í staðarkerfi vhm017

VIÐAUKI 2

Árstöflur með mánaðargildum einstakra rafstöðvarþátta

Ár
Year 1975

Rafstöð
Power station
Lagarfoss

Vatnsfall
River
Lagarfljót



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni Range of regulation m
	Vatnshæð Stage m	Forði Storage Gl	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	
Jan	19,13	0,000	12	19,50	1	19,11	0,39
Feb	19,72	3,920	28	19,72	3	19,12	0,60
Mar	19,08	0,000	3	19,79	31	19,08	0,71
Apr	19,36	0,074	26	19,80	3	19,02	0,78
Maf	20,66	19,924	30	20,77	1	19,39	1,38
Jún	21,05	26,710	29	21,14	8	20,05	1,09
Júl	19,97	7,948	1	20,93	31	19,97	0,96
Ágú	19,62	2,320	10	20,14	25	19,58	0,56
Sep	19,13	0,000	1	19,59	23	19,02	0,57
Okt	19,57	1,520	21	20,08	1	19,07	1,01
Nóv	18,76	0,000	3	19,80	29	18,75	1,05
Des	19,02	0,000	27	19,20	17	18,70	0,50
Ár Year				21,14		18,70	2,44

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+S+J

Vatnasvið km²
Drainage area
2800.0

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Lagarfljót

2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengsli Accumulated outflow				Meðalútrengsli Average outflow		
	Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengsli alls Total outflow	Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengsli alls Total outflow
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	50,782	0,000	0	50,782	19,0	0,00	19,0
Feb	82,949	0,000	0	82,949	34,3	0,00	34,3
Mar	155,235	57,200	27	212,435	58,0	21,4	79,3
Apr	101,503	63,626	39	165,129	39,2	24,5	63,7
Maf	448,121	57,681	11	505,802	167	21,5	189
Jún	794,890	37,086	4	831,976	307	14,3	321
Júl	804,455	32,754	4	837,209	300	12,2	313
Ágú	313,940	55,643	15	369,583	117	20,8	138
Sep	72,403	66,094	48	138,497	27,9	25,5	53,4
Okt	239,088	77,535	24	316,623	89,3	28,9	118
Nóv	151,271	74,655	33	225,926	58,4	28,8	87,2
Des	0,776	38,855	98	39,631	0,29	14,5	14,8
Ár Year	3215,413	561,129	15	3776,542	102	17,8	120

Rennslisskýrsla rafstöðvar
Power station discharge


ÍSLAND
ICELAND

vhm 325

Ár
Year 1975

Rafstöð
Power station
Lagarfoss

Vatnsfall
River
Lagarfljót



3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afrennsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation mm
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	
Jan					...
